



Krepputunga og Kverkárrani

**Viðauki við stjórnunar- og verndaráætlun
vegna stækkunar Vatnajökulsþjóðgarðs skv. rg. 463/2013
sbr. 7. mgr. 12. gr. laga nr. 60/2007**

13. september 2019

I Inngangur

Þetta skjal gerir grein fyrir tillögum svæðisráðs austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs um viðauka við stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins í framhaldi af stækkun hans með útgáfu reglugerðar nr. 463, 26. apríl 2013, ásamt forsendum tillaganna. Í lögum um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 60/2007 segir svo um breytingar á stjórnunar- og verndaráætlun, 4-6 mgr. 12. gr.:

Svæðisráðin, hvert á sínu svæði, skulu vinna tillögu að stjórnunar- og verndaráætlun í samráði við Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands og eftir atvikum aðrar hlutaðeigandi fagstofnanir ríkisins. Við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar skal svæðisráð hafa samráð við eigendur lands innan þjóðgarðs á viðkomandi svæði, sveitarstjórnir og aðra hagsmunaaðila á svæðinu.

Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs fer yfir tillögur svæðisráða og vinnur á grundvelli þeirra stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Vatnajökulsþjóðgarð. Stjórn skal gæta þess að stjórnunar- og verndaráætlun samræmist ákvæðum laga og reglugerðar um Vatnajökulsþjóðgarð. Stjórn getur gert breytingar á tillögum svæðisráða. Tillaga stjórnar að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Vatnajökulsþjóðgarð skal unnin í samráði við Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands og eftir atvikum aðrar hlutaðeigandi fagstofnanir ríkisins. Tillagan skal auglýst opinberlega og almenningi og hagsmunaaðilum gefinn kostur á að gera athugasemdir áður en endanleg tillaga er send ráðherra. Frestur til að gera athugasemdir við tillögu að stjórnunar- og verndaráætlun skal a.m.k. vera sex vikur frá birtingu auglýsingar.

Tillaga stjórnar að [stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Vatnajökulsþjóðgarð] skal send ráðherra til staðfestingar. Ráðherra getur gert breytingar á stjórnunar- og verndaráætlun telji hann hana eða einstaka hluta hennar fara í bága við lög þessi eða reglugerð um Vatnajökulsþjóðgarð. Þegar ráðherra hefur staðfest stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Vatnajökulsþjóðgarð skal hún auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og tekur hún gildi við birtingu.

Heimilt er að gera breytingar á stjórnunar- og verndaráætlun og fer um málsmeðferð samkvæmt ákvæðum 4.–6. mgr. Stjórn þjóðgarðsins getur lagt til breytingar á stjórnunar- og verndaráætlun án þess að um það berist tillaga frá viðkomandi svæðisráði. Í þeim tilvikum skal ávallt leita umsagnar viðkomandi svæðisráðs áður en tillagan er send ráðherra. Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Vatnajökulsþjóðgarð skal endurskoðuð eigi sjaldnar en á 10 ára fresti. Við stækkun þjóðgarðsins er heimilt að gera viðauka við stjórnunar- og verndaráætlun með lýsingu á mörkum og náttúru og ákvæðum um stjórnun og vernd hins nýja svæðis, án þess að öll áætlunin sé tekin til endurskoðunar. Um málsmeðferð fer samkvæmt ákvæðum 4.–6. mgr. Sameina skal viðaukann við stjórnunar- og verndaráætlun við næstu endurskoðun hennar.

Svæðisráð leggur tillöguna fram til stjórnar í samræmi við 3. mgr. 12. gr. laga um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 60/2007 m.s.br. Hún inniheldur eingöngu atriði sem varða sérstaklega svæði sem tekin voru inn í þjóðgarðinn með fyrrgreindri reglugerðarbreytingu. Tillagan var samþykkt á fundi svæðisráðs þann 21.febrúar 2019.

Stjórn þjóðgarðsins samþykkti tillöguna á fundi 24.júní 2019 og sendi til staðfestingar umhverfis-og auðlindaráðherra þann 26.6.2019.

Af ýmsum ástæðum er tillaga þessi sett fram nokkuð löngu eftir að umrætt svæði var tekið inn í þjóðgarðinn. Meginatriði viðaukans voru mótuð fljótlega þar á eftir og samráð var haft við hagsmunaaðila í tengslum við þá mótun.

Skjalið skiptist í þrjá hluta: (I) Inngang, (II) svæðislýsingu og forsendur verndar og (III) tillögu svæðisráðs að breytingum á stjórnunar- og verndaráætlun fyrir hið nýja svæði.

Svæðislýsingin byggir á upplýsingum úr tillögu að Verndaráætlun fyrir austursvæði Vatnajökulsþjóðgarð, skýrslu ráðgjafanefndar um Vatnajökulsþjóðgarð, samantekt á náttúru og náttúrfari umhverfis Vatnajökul og fl.

Samráð við hagsmunaaðila

Tillaga þessi um viðauka við stjórnunar- og verndaráætlun byggir að mestu á hugmyndum svæðisráðs, tveimur samráðsfundum sem haldnir voru með hagsmunaaðilum á Hótel Héraði á Egilsstöðum (15.03.14) og á Hótel Natura í Reykjavík (27.03.2014) og fundum með lögbundnum umsagnaraðilum og ýmsum hagsmunaaðilum. Ennfremur er byggt á sjónarmiðum sem fram komu við kynningu lýsingar og samráðsfundum sem haldnir voru í ársbyrjun 2019.

Lýsing fyrir gerð viðaukans var kynnt febrúar 2014.


Nánar tiltekið voru eftirtaldir fundir haldnir:

27.2.2014	Reykjavík	Heimildir um staðhætti, örnefni	Hjörleifur Guttormsson og þjóðgarðsvörður
28.2.2014	Reykjavík	Almannavarnir, flóðahætta, Kverkfjöll	Almannavarnir, þjóðgarðsstarfsmenn
3.3.2014	Reykjavík	Kynning, heimildir um staðhætti	UST og þjóðgarðsvörður
3.3.2014	Reykjavík	Kynning, heimildir um staðhætti	Ní og þjóðgarðsvörður
11.3.2014	Egilsstaðir	Heimildir, saga, þjónustusvæði	Völundur Jóhannesson og þjóðgarðsvörður
13.3.2014	Egilsstaðir	Kynning á skipulagi vinnu við gerð Stjórnunar- og verndaráætlunar	Bæjarstjórn Fljótshéraðs, Svæðisráðsformaður og þjóðgarðsvörður
15.3.2014	Egilsstaðir	Samgöngur, vernd, upplifun, þjónusta	Opin fundur, svæðisráð og þjóðgarðsstarfsmenn
27.4.2014	Reykjavík	Samgöngur, vernd, upplifun, þjónusta	Opin fundur, svæðisráð og þjóðgarðsstarfsmenn
1.4.2014	Egilsstaðir	Samgöngur, vernd, upplifun, þjónusta	FFF, FFH, svæðisráð og þjóðgarðsstarfsmenn
10.4.2014	Egilsstaðir	Samgöngur, vernd, upplifun, þjónusta	Náttúrustofa Austurlands og þjóðgarðsvörður
16.7.2014	Egilsstaðir	Kynning og spjall um friðlýstar minjar í Hvannalindum	Minjastofnun Íslands og þjóðgarðsvörður

Vor 2018	Opinbert kynningarferli	Stjórn auglýsir breytingar á Stjórnunar- og verndaráætlun f. allan þjóðgarðinn	Almenningi gafst tækifæri til að gera athugasemdir
----------	-------------------------	--	--

Umhverfismat

Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs fellur undir ákvæði laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Þar sem ekki er gert ráð fyrir framkvæmdum í þessum viðauka sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, né heldur er gert ráð fyrir breytingum á stefnumiðum sem tekin voru til mats við umhverfismat gildandi stjórnunar- og verndaráætlunar, er ekki lagt fram sérstakt umhverfismat fyrir þennan viðauka. Að öðru leyti er vísað til rökstuðnings í kafla 12.1 í gildandi stjórnunar- og verndaráætlun.



Mynd 1. Á kortinu má sjá afmörkun á því svæði sem bættist við þjóðgarðinn í apríl 2013 með gr. 463/2013.

II Svæðislýsing og forsendur verndar

Viðbótin við þjóðgarðinn nær til tveggja svæða innan Fljótsdalshéraðs er afmarkast af jökulfljótum norðan Vatnajökuls, samtals um 672 km² svæði (sjá mynd 1). Fjallað er um svæðið í skýrslu ráðgjafanefndar um stofnun Vatnajökulþjóðgarðs¹. Annað svæðið er hinn afskekkti Kverkárrani (81 km²) norður af Brúarjökli, sem afmarkast af Kverká í austri og Kreppu í vestri en verndargildi þess hluta liggur fyrst og fremst í sögu jökulskriðs. Hitt svæðið er Krepputunga (591 km²) sem teygir sig norður frá Kverkfjöllum, á milli Kreppu í austri og Jökulsár á Fjöllum í vestri, til ármóta. Verndargildi Krepputungu er fyrst og fremst jarðfræðilegs eðlis, þótt viðkvæmur hálendisgróður finnist á svæðinu, t.d. í Hvannalindum, þar sem einnig finnast minjar eftir útilegufólk.

Krepputunga

Krepputunga tilheyrir norður gosbeltinu². Kverkfjöll eru virk megineldstöð. Þar hefur eldvirkni verið mikil og jöklar rofið opnur í eldstöðina. Eldstöðin er í jaðri jökulsins og hefur haft mikil áhrif á myndun og mótun landsins. Í Kverkfjöllum er öflugt jarðhitasvæði sem liggur hæst allra jarðhitasvæða á landinu³. Þar eru miklar útfellingar og stórir og öflugir hverir.

Kverkfjallarani er að mestu byggður upp af fimm samsíða móbergshryggjum. Ekki eru til heimildir um þau hraungos sem þar hafa orðið en hraun af mismunandi aldri er að finna þar og tvinnast saman móbergsfell, gígar frá nútíma og hraun. Hraun eru í Krepputungu og Kverkfjallarana.

Krepputunguhraunin eru ættuð frá Gígöldum sem er sprungusveimur suðvestur af Dyngjufjöllum⁴.

Rannsóknnum á gróðurfari er ábótavant á Kverkfjallasvæðinu. Kanna þarf útbreiðsla háplöntutegunda á svæðinu og bæta mætti skráningu mosa og fléttna. Í Krepputungu er aðallega að finna lítt gróið land, þó með gróðurvinjum í Hvannalindum, Kreppuhögum og Kreppulindum og fleiri smærri vinjum.

Fuglalíf í Krepputungu er lítt kannað en á Brúaröræfum sem liggja vestur af Krepputungu er þekkt 31 tegund fugla og er hér átt við svæðið vestan Jökulsár á Dal, Sauðárdal, Fagradal, Arnardal, Álftadal, Grágæsadale og Laugavalladal og svæði milli þessara dala. Af 31 tegund sem vitað er um á svæðinu eru átta á valista⁵.

Heiðargæsin er lykiltegundin í Krepputungu og verpir hún víða þar sem gróðurvinjar eru.

Gæsaheiður eru reglulega talin í Hvannalindum og á svæðinu hefur einnig orðið vart við varp hjá álft, sólskríkju, rjúpu, sendlingi, steindepli, hávellu, sílamáfi, hrafni og fálka. Dæmi um fugla sem sést hafa í Hvannalindum eru heiðlóa, kjói, lóupræll, máfar, óðinshani og rauðhöfðaönd.

Í heildina litið hefur smádýralíf lítt verið kannað á svæðinu, að Hvannalindum undanskildum, en í nágrenni Krepputungu hefur smádýralíf verið kannað í Fagradal og Grágæsadale. Kom í ljós að Fagradalur er ein tegundaauðugasta vinin á hálendinu⁶. Í Hvannalindum er tegundafæð smádyra

¹Umhverfisráðuneyti; http://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/Natturufar_og_natturuminjar_umhverfis_Vatnajokul.pdf (sótt 19.05.2014)

² Árni Hjartarson og Elsa Vilmundardóttir. (1998). Vesturöræfi - Hraun. Reykjavík: Orkustofnun.

³ Helgi Torfason og Ingvar Atli Sigurðsson. (2002). Verndun jarðminja á Íslandi. Tillögur vegna náttúruverndaráætlunar 2002. Reykjavík: Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ 02019.

⁴ Hjörleifur Guttormsson. (1987). Ferðafélag Íslands Árbók – Norð Austurland – hálendi og eyðibýggðir. Bls 107-108..

⁵ Halldór Walter Stefánsson og Skarphéðinn G. Þórisson. (2010). Vöktun heiðagæsa á vatnasviði Jökulsár á Dal og Jökulsár í Fljótsdal 2005-2010 Áhrif Kárahnjúkavirkjunar á heiðagæsir. Unnið fyrir Landsvirkjun. NA-110113

⁶ Snorri Baldursson, Helgi Torfason og Hörður Kristinsson. (2003). Náttúrufar og verndargildi náttúruferibæra norðan Vatnajökuls. Reykjavík: Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-03002. bls.67.

einkennandi og þar eru nokkrar tegundir algengar sem að öllu jöfnu eru fátíðar eða lítt áberandi á hálendinu annarsstaðar ⁷. Í Hvannalindum má m.a. finna hinn sjaldgæfa og frumstæða skötuorm (*Lepidurus arcticus*).

Refir og minkar flækjast yfir í Krepputungu og árlega finnst minkur í Hvannalindum, sem er veiddur. Hreindýr geta einnig flækst yfir í tunguna þó að það sé sjaldgæfara. Kýr með kálf dvaldi í Hvannalindum sumarið 2014 er landverðir komu á svæðið í lok júní. Fyrir á tímum var algengara að fé rynni yfir í tunguna er lítið var í ám á haustin og hafa leifar af fé sem orðið hefur úti m.a. fundist í Kreppulindum ⁸ og Kverkfjöllum.

Kverkfjallarani er eldbrunninn og þar er safn móbergshryggja og hnjúka. Krepputunga er þakin hraunum og jökulárum. Um vesturhluta fjallanna liggur gossprunga sem hefur gosið á nútíma. Landslag er stórbrotið og hrikalegt. Í Brúardölum er berggrunnur móbergsmýndun og hraunlög frá efri kvarter. Náttúrverndargildi Kverkfjallarana og Krepputungu er fyrst og fremst fólgið í fjölbreytilegum jarðmyndunum, m.a. móbergsmýndunum, landslagi og nokkrum merkilegum lindarsvæðum ásamt gróðurvinjum.

Kverkárrani

Svo nefnist raninn á milli Kverkár og Kreppu. Kverká kemur undan Brúarjökli þar sem hann teygir sig lengst til norðurs og rennur þaðan niður Kverkárdal, sem er í um 650 m hæð yfir sjávarmáli. Botn þessa dals er eintómir aurar og hlíðar dalsins eru uppblásnar og gróðurlausar. Meginhluti ranans er háslétta, 800-900 m y.s., og gengur Brúarjökull fram á hana⁹. Raninn er samsettur úr nokkrum hryggjum sem eiga sér framhald norðaustur af Kverkárdal. Lægsti hluti Kverkárranans, er liggur milli Kverkár og Kreppu, er kallaður Kverkárnes¹⁰.

Kreppa rennur nú um svokallaða Kreppuþröng en áður rann hún austur og sameinaðist Kverká ofan við Grágæsadal og var Grágæsavatn þá stundum nefnt Kreppulón. Kreppuþröng er um 1 km langt og allt að 10 m djúpt gil, sem Kreppa hefur grafið sig gegnum öldu úr völuþergi (jökulbergi) milli nyrsta hluta Kreppuhryggjar og Kverkáröldu, sem er fellskollur fram við mynni Grágæsadals. Þegar Pálmi Hannesson kom þar 1933 var gilið aðeins um 3 m á breidd og fullt af vatni ¹¹. Göngubrú var sett á Kreppu árið 1954, 6 m breið, hana tók fljótt af en var endurbyggð 14 árum síðar og entist ekki lengi. Í dag er gilið 10 m breitt og engin göngubrú yfir það. Örstutt er vestur yfir í Hvannalindir þaðan. Merkt gönguleið liggur frá bílastæði inn við rústir í Hvannalindum að Kreppuþröng að vestan.

Vestan við Kverkárdal rís Hnúta (894 m) en þar stíflar Brúarjökull upp svokallað Hnútulón sem venjulega er alsett stórum jökum. Slík lón myndast á nokkrum stöðum við jökuljaðar Brúarjökuls og er Hnútulón þeirra þekktast. Það er annað af tveimur jökullónum sem gefið hefur verið nafn á svæðinu hitt er Þorbergsvatn (úr því hleypur í Kreppu) ¹². Þegar vatnsborð þessara lóna nær ákveðnu hámarki

⁷ Erling Ólafsson. (1998). Fjölrit Náttúrufræðistofnunar, nr.5, Könnun á smádýrum í Hvannalindum, Fagradal og Grágæsadal.

⁸ Völundur Jóhannesson munnlegar heimildir í mars 2014.

⁹ Helgi Hallgrímsson, Náttúrmæraskrá Fljótsdalshéraðs, <http://vefur.alta.is/nms/> tekið af vef 16. okt 2014

¹⁰ Hjörleifur Guttormsson. (1987). Ferðafélag Íslands Árbók – Norð Austurland – hálendi og eyðibygðir. Bls 107-108.

¹¹ Skarphéðinn G. Þórisson, Óbirt gögn, 2014.

¹² Þórhallur Þorsteinsson, munnlegar heimildir, 2014.

lyftist jökuljaðarinn og hleypur þá úr lóninu austur í Kverká¹³. Á undanförunum árum hefur Brúarjökull þynnst og lónin minnkað og hlaupin þess vegna orðið vatnsminni en áður.

Hvergi er gróið upp á Kverkárrana en norðvestan undir hæstu melöldunum (940 m) niðri undir Kreppu eru tvær græður í um 720 m hæð sem kallast Kreppuhagar eystri og vestari. Þar rennur Kreppa við vesturbrún Kreppuhrauns, sem komið hefur upp á stuttri gossprungu. Þessi sprunga liggur frá austri til vesturs, sem er óvenjulegt. Mikið útsýni er til vesturs og suðvesturs til Kverkfjalla ofan af Kverkárrana¹⁴.

Gróðurfar og dýralíf er lítt kannað í Kverkárrana.

¹³ Helgi Hallgrímsson, Náttúrmæraskrá Fljótsdalshéraðs, <http://vefur.alta.is/nms/> tekið af vef 16.okt 2014

¹⁴ Hjörleifur Guttormsson. (1987). Ferðafélag Íslands Árbók – Norð Austurland – hálendi og eyðibygðir. Bls 107-108.

III. Breytingar og viðbætur

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Vatnajökulsþjóðgarð er sett fram í samræmi við ákvæði laga um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 60/2007 og reglugerð um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 608/2008, með síðari breytingum. Hún er eitt meginstjórnæki þjóðgarðsins og verkfæri til stefnumótunar.

Ferlið við gerð áætlunarinnar er þannig að svæðisráð viðkomandi rekstrarsvæða gera tillögu að stjórnunar- og verndaráætlun. Stjórn þjóðgarðsins tekur við tillögunni, fjallar um hana og auglýsir formlega í óbreyttri eða breyttri mynd. Endanleg tillaga stjórnar er send umhverfis- og auðlindaráðherra til staðfestingar. Áætlunin er því samstarfsverkefni stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs, svæðisráða, fjölmargra sérfræðinga og hagsmunaaðila. Hagsmunaaðilum gefst kostur á að gera athugasemdir á þremur stigum, þ.e. meðan tillagan er til umfjöllunar hjá svæðisráði, stjórn og að lokum ráðherra.

Hér fyrir neðan er sett fram tillaga svæðisráðs austursvæðis að breytingum á þeirri útgáfu stjórnunar- og verndaráætlunar sem staðfest var 12. júlí 2013. Sýndar eru breytingar á texta áætlunarinnar og fylgt uppbyggingu hennar, þ.e. fram koma kaflanúmer og heiti þar sem lagðar eru til breytingar. Miðað er við að breytingarnar sem sýndar eru hér fyrir neðan verði felldar inn í heildartexta stjórnunar- og verndaráætlunar við næstu heildarendurskoðun áætlunarinnar sbr. 6. mgr. 12. gr. laga um Vatnajökulsþjóðgarð, nr. 60/2007. Breyttur texti verður afmarkaður með lit, undirstrikun eða á annan hátt. Ekki er gert ráð fyrir neinum breytingum öðrum en þeim sem sýndar eru hér fyrir neðan.

Vísanir í blaðsíðutöl miðast við staðfesta útgáfu Stjórnunar- og verndaráætlun eins og hún birtist á vef þjóðgarðsins:

https://www.vatnajokulsthjodgardur.is/static/files/Stjornsysla/PDF-skjol-kort/stjornunar-og_verndar_2013.pdf

Kafli 1, Inngangur, bls. 7: Við bætist nýr undirkafli.

Viðauki 2019

Vegna stækkunar austursvæðis þjóðgarðsins með gr. 608/2008 í apríl 2013 bætist tilsvarendi efni inn í stjórnunar- og verndaráætlun. Svæðisráð austursvæðis, ásamt starfsfólki, mótaði efnið í samráði við umsagnar- og hagsmunaaðila og lagði tillögu fyrir stjórn. Þjóðgarðurinn hefur undanfarin ár verið með landvörslu í Kverkfjöllum og Hvannalindum og einnig séð um friðlandið þar áður en Krepputunga öll varð þjóðgarður. Reynsla og þekking hefur því safnast innan þjóðgarðsins um náttúru og útivist í Krepputungu sem hjálpaði til við mótun tillögunnar. Krepputunga og Kverkárrani höfðu bæst við þjóðgarðinn með setningu reglugerðar þegar gildandi stjórnunar- og verndaráætlun var staðfest þann 12. júlí 2013 og gilti almenni hluti áætlunarinnar einnig fyrir umrætt svæði.

Kafli 2.1, Stofnun þjóðgarðsins, bls. 9: Einni setningu er skeytt aftan við undirkaflann „Undirbúningur og lagasetning“.

Þann 26. apríl 2013 var þjóðgarðurinn enn stækkaður um 672 ferkílómetra þegar Krepputunga og Kverkárrani bættust við með setningu reglugerðar nr. 463/2013.

Kafli 2.3, Verndarflokkun þjóðgarðsins, bls. 11: Ákvörðun um verndarflokkun viðbættra svæða.

Engin breyting verði á texta kaflans en það jafngildir því að viðbætt svæði teljist til verndarflokks II (þjóðgarður) skv. flokkun IUCN. Forsendur tillögunnar eru annars vegar þær að hefðbundnar nytjar á því svæði sem flokkað er sem þjóðgarður samrýmast vel skilgreiningu Alþjóða náttúruverndarsamtakanna (IUCN): „Stór ósnortin eða lítt snortin landsvæði sem ætluð eru til verndunar á heildstæðum landslagsvistfræðilegum ferlum, til viðhalds þeim tegundum og vistkerfum sem eru einkennandi fyrir svæðið en eru að sama skapi grundvöllur fyrir ýmis tækifæri á sviði umhverfismála, menningar- og andlegra málefna, vísinda, fræðslu, tómstunda og ferðamennsku [...].

Kafli 2.4, Tengsl við skipulag og leyfisveitingar, mynd 2.2, bls. 17: Þjóðgarðsmörk uppfærð.

Kafli 3.1, Land þjóðgarðsins, bls. 21: Flatarmál þjóðgarðsins uppfært í 14.141 km².

Kafli 3.1, Land þjóðgarðsins, mynd 3.1, bls. 22: Mörk uppfærð og seinni setning myndatexta felld niður.

Kafli 3.1, Land þjóðgarðsins, mynd 3.2, bls. 23: Þjóðgarðsmörk uppfærð.

Kafli 3.1, Land þjóðgarðsins, bls. 24: Hvannalindir fjarlægðar úr upptalningu þar sem þær eru nú innan Vatnajökulsþjóðgarðs.

Kafli 3.1, Land þjóðgarðsins, mynd 3.3, bls. 25: Þjóðgarðsmörk uppfærð og Hvannalindir teknar út.

Kafli 3.2, Náttúra og samfélag, bls. 26: Undirstrikuðum texta bætt við.

Móbergshryggir eru áberandi í vestri og *norðan jökuls*, en nyrst gljúfur og ásar.

Í Kverkfjöllum mætast jökull, jarðhiti og fjölbreyttar gosmyndanir. Norður frá þeim er Krepputunga, ungt eldfjallaland sem víðast er þakið hraunum sem runnið hafa eftir að ísöld lauk. Austar eru ...

Kafli 3.2, Náttúra og samfélag, mynd 3.4, bls. 27: Þjóðgarðsmörk uppfærð.

Kafli 3.2, Náttúra og samfélag, bls. 28: Undirstrikuðum texta bætt við.

... Þjórsá, Skjálfandafljót, og Jökulsá á Fjöllum og Kreppa til norðurs, Jökulsá á Brú ...

Kafli 3.2, Náttúra og samfélag, mynd 3.5, bls. 31: Þjóðgarðsmörk uppfærð.

Kafli 3.2, Náttúra og samfélag, mynd 3.6, bls. 32: Þjóðgarðsmörk uppfærð.

Kafli 3.2, Náttúra og samfélag, bls. 33: Undirstrikuðum texta bætt við.

Gróðurvinjar í Herðubreiðarlindum, Hvannalindum, Jökulsárgljúfrum ...

Kafli 3.3, Sérstaða þjóðgarðsins, bls. 37: Undirstrikuðum texta bætt við.

Nokkur heillegustu víðerni Íslands eru í Vatnajökulsþjóðgarði: sjálft jökulhvelið, Tungnaáröræfi, Trölladyngja, Dyngjufjöll, og Ódáðahraun og Krepputunga. Uppi á ...

Kafli 8.1, Mat á verndargildi náttúrunnar, mynd 8.1, bls. 66: Þjóðgarðsmörk uppfærð.

Kafli 9.1.1, Dreifð verndarsvæði, bls. 72: Forsendutexta um varplönd og fellisvæði heiðagæsar breytt:

Undirstrikaður texti bætist við forsendur

Heiðagæs er ábyrgðartegund og hluti stofnsins verpir meðal annars innan þjóðgarðs á Snæfellsöræfum, og í gróðurvinjum á Brúaröræfum og í Krepputungu. Mikilvæg fellisvæði eru meðal annars á Eyjabökkum.

Kafli 9.1.1, Dreifð verndarsvæði, bls. 73: Kaflinn „Lindasvæði og tjarnir í jaðri Ódáðahrauns“ flyst úr kafla 9.1.2 og fær hér heitið „Lindasvæði og tjarnir“. Undirstrikuðum texta bætt við.

Lindasvæði og tjarnir

Forsendur:

Viðkvæm gróðurlendi við uppsprettur í jaðri Ódáðahrauns norðan Vatnajökuls eru nokkur, s.s. Herðubreiðarfriðland (utan þjóðgarðs), Svartá og Svartárbotnar, Gæsavötn, Suðurárbotnar, Hvannalindir, Kreppulindir, Kreppuhagar eystri og vestari og einstaka lindir á vesturjaðri þjóðgarðs.

(annað óbreytt)

Kafli 9.1.3, Innan austursvæðis, bls. 79: Aftan við kaflann er skilgreint nýtt verndarsvæði, allur texti hér fyrir neðan bætist við.

Svæðið austan Kverkjökuls, suður fyrir Kreppuhaga

Forsendur:

Margar viðkvæmar náttúruminjar eru á svæðinu og það þolir ekki mikla umferð. Þarna eru víða fjölbreyttar jarðmyndanir og í Kreppuhögum eru gróðurvinjar sem standa mjög hátt yfir sjó og eru viðkvæmar af þeim sökum.

Í Hveragili eru sérstæðar kísilútfellingar á steinum á lækjarbakkanum. Þar eru enn fremur fleiri jarðmyndanir og gróður sem þolir átroðning illa.

Nauðsynlegt er að fylgjast með umferð um þetta svæði og gæta þess að hún verði ekki úr hófi með tilliti til þolmarka svæðisins. Breyta þarf legu gönguleiða.

Markmið:

Að vernda viðkvæmar náttúruminjar, jarðmyndanir og gr

óðurvinjar. Rannsaka þarf þolmörk svæðisins og skrá og skilgreina verðmæti þess. Lega gönguleiða sé í samræmi við verndarmarkmið.

Skilmálar:

Gert er ráð fyrir bílastæði við Hveragil. Umferð um svæðið verður stýrt og gera má ráð fyrir að aðgengi að viðkvæmum stöðum verði takmarkað til að koma í veg fyrir röskun á

jarðmyndunum og gróðri. Þjóðgarðsvörður getur lokað fyrir aðgang að viðkvæmstu svæðunum ef hætta er á skemmdum.

Hvannalindir friðlýstar þjóðminjar

Forsendur:

Í Hvannalindum eru merkar friðlýstar þjóðminjar, rústir útilegumannabæjar í jaðri Lindahrauns. Rústirnar fann rithöfundurinn Þorgils gjallandi (Jón Stefánsson) ásamt þremur öðrum Þingeyingum árið 1880 en Kristján Eldjárn rannsakaði þær sumarið 1941. Leiða menn getum að því að Fjalla-Eyvindur og Halla hafi hafst við í Hvannalindum 1767 og einhver ár þar á eftir uns þau fluttu í Eyvindarver við Þjórsá.

Nærumhverfi Eyvindarrústanna í Hvannalindum hefur látið á sjá síðustu ár. Töluverðar traðkskemmdir eru á gróðri umhverfis rústir og rekja má skemmdir á hraunhleðslum til of mikils álags á þær. Verja þarf menningarminjarnar fyrir skemmdum. Gera þarf umbætur á aðkomu gesta að rústum svo þeir valdi ekki skaða á menningarminjum eða umhverfi þeirra.

Markmið:

Minjar varðveitist í núverandi mynd. Almennungi gefist kostur á að kynna sér rústirnar og sagnir um útilegumenn.

Skilmálar:

Stýra skal umferð gesta um svæðið með greinilegum stígum, pöllum á viðkvæmum stöðum og skýrum leiðbeiningaskiltum. Öll slík mannvirki verði látlaus og falli vel að umhverfi. Friðlýstar þjóðminjar eru í umsjá Minjastofnunar Íslands og ákvarðanir um framkvæmdir í grennd við rústir skulu teknar í samráði við hana.

Krepputungusporður

Forsendur:

Nyrsti hluti Krepputungu er mjög sérstætt svæði, þar sem meðal annars er viðkvæmur gróður, fuglalíf (heiðagæsavarp), merki um hamfarahlaup og forna farvegi. Kreppulindir eru fögur og sérstæð vin með viðkvæmu lífríki og jarðmyndunum í grónum gjám umgirtum hamraveggjum. Lindasvæðið þolir ekki mikinn átroðning og krefst vöktunar.

Markmið:

Að svæðið varðveitist í núverandi mynd og ásýnd þess breytist ekki vegna umferðar gesta. Rannsaka þarf þolmörk svæðisins og skrá og skilgreina verndargildi þess.

Skilmálar:

Óheimilt er að tjalda í Kreppulindum. Þjóðgarðsvörður getur lokað fyrir aðgang að svæðinu ef tilefni er til.

Kafli 9.2, Víðerni Vatnajökulsþjóðgarðs, bls. 87: Á milli víðernanna „Frambruni og Austurdalir“ og „Þjófahnjúkar og Háalda“ bætast við skilgreiningar tveggja nýrra víðerna. Allur texti hér fyrir neðan bætist við.

Kverkfjallarani og Krepputungusporður

Forsendur:

Austanverður Kverkfjallarani frá Hveragili að Roðafelli og hluti Krepputungusporðs eru skilgreind sem víðerni. Eystri bakki Jökulsár á Fjöllum tengist víðerninu á Flæðum og Vaðöldu. Kverkfjöll ásamt Kverkfjallarana mynda mikilfenglega landslagsheild sem mótast hefur í átökum elds og íss. Beljandi jökulár og viðkvæmar og gróskumiklar gróðurvinjar ásamt hraunum með breiskjufléttum setja svip á umhverfið. Kverkfjöll, Kverkfjallarani og Krepputunga mynda ákveðna heild ummerkja eldsumbrota og hamfarahlaupa. Landslag er víða opið og því víðsýnt sem veitir sterka upplifun og víðernistilfinningu.

Mikilvægt er að kanna svæðið og skrá og skilgreina verndargildi þess áður en endanlega verður ákveðið hversu mikla umferð það þolir.

Skilmálar:

Engin mannvirki, þ.m.t. skilti og stikur, verði reist innan víðernisins.

Kverkárrani

Forsendur:

Víðernið nær að stórum hluta yfir Kverkárrana ef frá eru taldir geirar sem ná inn á svæðið að vestan og austan, vegna vega. Víðernið tengist víðerninu á jökulhettu Vatnajökuls. Svæðið er mjög afskekkt og eina aðgengi að því er af jökli. Kverká kemur undan Brúarjökli þar sem hann teygir sig lengst til norðurs, og rennur þaðan niður Kverkárdal, sem er í um 650 m y.s. Botn þessa dals er eintómir aurar og hlíðar dalsins eru uppblásnar og gróðurlausar. Meginhluti ranans er háslétta, 800-900 m y.s., og gengur Brúarjökull fram á hana.

Mikilvægt er að kanna svæðið og skrá og skilgreina verndargildi þess áður en endanlega verður ákvarðað hversu mikla umferð það þolir.

Skilmálar:

Engin mannvirki, þ.m.t. skilti og stikur, verði reist innan víðernisins.

Kafli 9.3.1, Vegir og aðkomuleiðir, bls. 91: Í vegatöflu, undir „landsvegir“, bætast við tveir vegir.

Vegur	Skilmálar	Flokkur
F902 Kverkfjallaleið		F2/F3
F903 Hvannalindaleið		F2/F3

Kafli 9.3.1, Vegir og aðkomuleiðir, bls. 93: Í vegatöflu, undir „aðrir vegir“, bætast við þrjú vegir.

Vegur	Skilmálar	Flokkur
Hveragilsleið		F3

Vegur að rústum í Hvannalindum		F2
Vegstubbur að vatnamælingaskúr í Krepputungu		F2

Kafli 9.3.3, Gönguleiðir, bls. 99: Eftirtaldar leiðir bætast við lista yfir lengri gönguleiðir sem tengja saman fjarlæg svæði.

Kverkfjöll (Þjónustusvæði við Virkisfell) – Hveragil

Gönguleið úr Hvannalindum í Kverkfjöll (Þjónustusvæði við Virkisfell)

Kafli 9.3.3, Gönguleiðir, bls. 101: Viðbót við lista yfir göngubrýr eða kláfa sem fyrirhugaðar eru á austursvæði.

Við Kreppubröng, yfir Kreppu

Hjá vestari og eystri Kreppuhaga, yfir Kreppu

Við Vaðöldu, yfir Jökulsá á Fjöllum

Í Kverkfjöllum, yfir ónefnda á innan Volgu

Kafli 9.3.4, Reiðleiðir, bls. 104: Viðbætur við lista yfir áningarstaði.

Við brú á Jökulsá á Fjöllum við Upptýppinga: Aðhald eða tímabundið næturhólf

Við Kreppubrú: Aðhald

Við nyrðri brún Upptýppinga þar sem beygt er að Vatnamælingaskúr: Aðhald

Kafli 9.4.3, (Þjónustusvæði) Innan austursvæðis, bls. 116-117: Umfjöllun um Sigurðarskála í Kverkfjöllum fellur niður. Við bætist skilgreining fjögurra nýrra þjónustusvæða og tekur ein þeirra við af umfjöllun um Sigurðarskála. Allur textinn hér fyrir neðan bætist við.

Þjónustusvæði við Virkisfell, norðan Kverkfjalla

Forsendur:

Á svæðinu er landvörslustöð. Þar er gistiskáli Ferðafélags Fljótsdalshéraðs og Ferðafélags Húsavíkur (Sigurðarskáli), snyrtihús, tjaldsvæði og áningarstaður fyrir daggesti. Ferðafélögin hafa látið gera deiliskipulag fyrir svæðið (2005). Samkvæmt því er gert ráð fyrir að hægt sé að byggja litla gestastofu og starfsmannaíbúð. Gert er ráð fyrir að tjaldsvæðið geti stækkað til vesturs og norðurs, og að nýtt þjónustuhús og smáhýsi (gististofur) geti risið kringum tjaldstæðið. Gert er ráð fyrir stækkun bílastæðis og grjóthleðslu og vörðum til að afmarka það. Endurskoða þarf deiliskipulag með þarfir þjóðgarðsins í huga, t.d. þarf að hugsa fyrir landvarðarbústað og gestamóttöku. Nokkrar stuttar gönguleiðir eru stikaðar frá þjónustusvæðinu.

Markmið:

Þjónustusvæðið sé miðstöð ferða um Kverkfjallasvæðið og nágrenni. Áfram er gert ráð fyrir landvörslustöð og að eftirlit, upplýsingagjöf, fræðsla og náttúrutúlkun landvarða verði eflað.

Skilmálar:

Deiliskipulag geri ráð fyrir aðstöðu fyrir þjóðgarðinn, landvarðabústað og gestamóttöku eða gestastofu, auk þeirra mannvirkja sem fyrir eru.

Kverkjökull

Forsendur:

Löng hefð er fyrir áningarstað inni við Kverkjökul. Íshellirinn sem þar er hefur verið mikið aðdráttarafl en ásýnd hans er misjöfn eftir árum. Svæðið er áhugavert og jafnframt hættulegt. Hægt er að fara í stuttar og langar gönguferðir í nágrenninu. Stutt hringleið liggur að jöklinum og að ánni Volgu. Forsendur fyrir göngu á jökul er að vera í fylgd jöklaleiðsögumanna. Með tilkomu brúar yfir Volgu opnast gönguleiðir inn að upptökum Jökulsár á Fjöllum. Stikuð gönguleið er frá Sigurðarskála að Kverkjökli. Reynslan sýnir að á 8-15 ára fresti kemur flóð niður undan Kverkjökli úr Lóni uppi í jöklinum. Taka þarf tillit til þess við skipulag svæðisins. Sérstaklega þarf að vakta svæðið þegar Lónið uppi í jöklinum er fullt og hætta er á flóði.

Markmið:

Að koma upp áningarstað, þjónustusvæði með lágmarksþjónustu inni við jökulinn, jafnframt að leitast við að tryggja öryggi gesta með viðvörðunarskiltum og meiri fræðslu. Einnig að efla náttúrutúlkun um jökulinn og hverasvæðið til að auka skilning gesta og upplifun á svæðinu.

Skilmálar:

Deiliskipulag þarf að taka mið af breytileika í náttúrunni og náttúruvá og gera ráð fyrir áningarstað fyrir daggesti ásamt upplýsinga- og fræðsluskiltum.

Þjóðgarðsverði er heimilt að stjórna og takmarka umferð um svæðið ef öryggi gesta er ógnað.

Kreppubrú

Forsendur:

Kreppubrú er ein af megin inngönguleiðunum inn í þjóðgarðinn norðan jökuls, bæði fyrir gesti sem leggja leið sína í Krepputungu eða ætla sér eingöngu í Öskju. Umferð hefur aukist gegnum Krepputungu síðustu ár. Landvarsla hefur verið að færast frammar í tunguna og er viðvera landvarða mikil þar. Mikilvægt er að taka á móti gestum og veita þeim upplýsingar og leiðsögn um leið og þeir koma inn í þjóðgarðinn. Því er nauðsynlegt að við Kreppubrú sé áningarstaður fyrir gesti, salernisaðstaða, dagskýli eða gestaskjól þar sem landverðir geta hafst við yfir daginn og gestir nálgast upplýsingar.

Markmið:

Að bjóða upp á aðstöðu fyrir daggesti og landverði við Kreppubrú, þar sem hægt er að taka á móti gestum og fræða þá um þjóðgarðinn.

Skilmálar:

Deiliskipulag þarf að taka mið af breytileika í náttúrunni og náttúruvá (flóðahættu) og geri ráð fyrir áningarstað fyrir gesti og gestaskjóli.

Allur núverandi texti um Hvannalindir fellur niður og í staðinn kemur nýr texti, hér fyrir neðan:

Hvannalindir

Forsendur:

Hvannalindir voru friðaðar 1973. Þar er landvörslustöð, upplýsingagjöf og áningarstaður daggesta. Eitt þurrsalerni er á svæðinu og íveruhús landvarðar, en hvorki tjaldstaði né gistiskáli. Þurrsalerni á bílastæði inn við Eyvindarrústir er ekki nothæft og þarf að rífa. Gert er ráð fyrir að landvörðum fjölgi á svæðinu og þarf deiliskipulag að gera ráð fyrir þeim möguleika að landvarðabústað verði fundinn nýr staður, núverandi landvarðabústaður er í Lindaseli.

Markmið:

Á svæðinu verði áfram landvörslustöð þar sem veittar eru upplýsingar og gestir fái notið fræðslu og túlkunar. Merkingar og skilti taki mið af staðháttum á svæðinu og nágrenni þess.

Skilmálar:

Deiliskipulag geri ráð fyrir landvörslustöð, gestskjóli, áningarstað fyrir gesti og áningaraðstöðu fyrir gesti við bílastæði inn að Eyvindarrústum.

Kafli 9.4.3, (Þjónustusvæði) Innan austursvæðis, bls. 119: Eftirtaldir staðir bætast við lista yfir staði þar sem almennir skilmálar um þjónustueiningar gilda:

- Við brú á Jökulsá á Fjöllum (Upptyppinga) – Áningarstaður fyrir daggesti, bílastæði salernisaðstaða.
- Hveragil – tjaldsvæði/salernisaðstaða.
- Við nyrðri brún Upptyppinga þar sem beygt er að Vatnamælingaskúr – Áningarstaður, bílastæði og gönguleiðir.
- Við norðurenda Lindafjalla – Áningarstaður, bílastæði og gönguleið.

Eftirtaldir staðir bætast við lista yfir staði þar sem er upplýsingatorg eða –hlið.

- Við vegamót í Möðrudal F905/F901.
- Við vegamót Austurleiðar F910 og Arnardalseiðar F905.
- Við vegamót Þjóðveggar 1 og F901 (tveir staðir).

Af listanum fellur upplýsingatorg eða -hlið við brúna yfir Kreppu þar sem þar hefur þegar verið bætt við þjónustusvæði sbr. lýsingu hér ofar.

Heimildir

Stuðst var við eftirtaldar heimildir, auk þeirra sem vísað er til í neðanmálsgreinum:

- Guðrún Á. Jónsdóttir og Sigbrúður Stella Jóhannsdóttir. (2010). Tillaga að verndaráætlun fyrir austursvæði Vatnajökulspjóðgarðs. Unnið fyrir svæðisráð austursvæðis, NA10098.
- Skoðunarferð í Hvannalindir 14. ágúst 2009 – staðreyndir og ferðalýsing, Landmótun, 2009, Einar Sæmundsen, óbirt gögn.